

Sþ. **347. Tillaga til þingsályktunar** [197. mál]
um athugun á því að koma upp sjóvinnubúðum fyrir unglunga í Flatey á Skjálfanda.

Flm.: Jónas Jónsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, hvað gera megi til að nýta mannvirki í Flatey á Skjálfanda og koma í veg fyrir, að eignir og náttúruverðmæti á eyjunni spillist. Í þessu tilliti verði athugað sérstaklega, hvort ekki sé hentugt að koma þar upp sumarhúðum fyrir unglunga, þar sem stunduð yrði sjósókn og fiskverkun og kennd undirstöðuatriði í sjómennsku og sjóvinnu.

Greinargerð.

Flatey á Skjálfanda er nú í eyði og hefur verið það í nokkur ár, eða síðan 1968. Þar eru þó margs konar verðmæti, sem mætti nýta og eftirsjón væri í, ef spilltust og eyddust.

Eyjan er í eigu ríkisins. Mannvirki eru þar margvísleg, eins og nærri má geta, þar sem svo skammt er liðið síðan byggðin lagðist þar niður, en fram til þess tíma var þar veruleg útgerð og fiskverkun. Óhætt er að fullyrða, að ástæðan til þess, að síðasti hópur Flateyinga fluttist í land, hafi ekki verið sú, að þar skorti góða afkomumöguleika, heldur réð því skortur á viðunandi félagslegri þjónustu, samgöngum, menntunaraðstöðu barna og unglunga o. þ. l.

Nokkrir Flateyingar, sem fluttust til Húsavíkur, hafa undanfarin ár farið út í eyjuna síðari hluta vetrar og vor og stundað þaðan grásleppuveiðar. Menn hafa einnig komið frá öðrum byggðarlögum og haft bækistöð í eyjunni við grásleppu-

veiðarnar. Óvíst er, hve lengi þetta helst og hvað verður um hús og eignir, þegar alveg er hætt að nýta þær og hlynna að þeim. Yfir sumartímann hefur eyjan verið eftirlitslaus, og er hætt við, að með því móti vilji margt ganga úr sér.

Í Flatey er góð höfn, sem oft hefur reynst lífhöfn fyrir trillur og smærri báta, sem hafa verið á veiðum á þeim góðu miðum, sem eru í kringum eyjuna. Þar eru fiskverkunarhús, sem nýta mætti til saltfiskverkunar.

Fjölskrúðugt fuglalíf er í eyjunni, en óttast er, að því verði spillt af aðvifandi mönnum, ef engin búseta er þar yfir sumartímann.

Búseta í eyjunni, þótt ekki væri nema um vor- og sumartímann, mundi þannig geta orðið til þess að bjarga bæði eignum og náttúruverðmætum frá spillingu.

Hér er bent á einn möguleika sérstaklega, þann að komið yrði upp sumar- búðum fyrir unglunga á eyjunni. Óviða mun ákjósanlegra að stunda trilluútgerð og handfæraveiðar en í Flatey, góð mið og jafngjöful eru mjög nærri eyjunni. Skjálfaflói og Grimseyjarsund eru sjaldnast fisklaus.

Þjóðinni er ótvírætt fátt brýnna á þessum tímum en sjá til þess, að unglingar, sem alast upp í borg og bæjum, slitni ekki úr tengslum við atvinnulíf þjóðarinnar — heldur tengist sem best þeim atvinnuvegum, sem skapa okkur frumverðmætin. Fjöldi unglunga getur því betur enn notið hollrar og þroskandi dvalar í sveitum. Gera mætti miklu meira að því að skapa þeim möguleika til að komast í snertingu við sjóinn og fiskveiðar. Handfæraveiðar og saltfiskverkun væru mjög vel til þess fallnar og mundu, auk þess sem þær eru lokkandi og spennandi fyrir unglungana, koma þeim á bragðið og kenna undirstöðuatriði sjómenskunnar. Eyjalífið gæti einnig haft sitt aðdráttarafl og annað fyrir bæjarunglinga. Ef ríkið legði til þá aðstöðu, sem það á í eyjunni, gætu ýmis bæjarfélög eða önnur félög tekið höndum saman um að reka slíkar vinnubúðir, en þær þyrftu ekki að vera mjög dýrar, hvorki í stofnun né rekstri.

Meðfylgjandi lýsing Flateyjar er úr bókinni „Byggðir og bú“, sem gefin var út af Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga 1963.

Fylgiskjal.

FLATEY Á SKJÁLFAFANDA liggur 2.5 km undan landi, þar sem mjóst er Flateyarsund. Eyjan er talin 262 ha að flatarmáli, þar af um 200 ha gróið land og ræktunarhæft, hitt grjóturðir, sandfjörur og tjarnir. Öll er eyjan láglend, hæst 22 m yfir sjó. Byggð hefur verið í eyjunni frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. — Aðalbjargræðisvegur Flateyinga hefur jafnan verið sjávarafli, en landbúnaður stundaður öðrum þræði. Flatey og Flateyjar dalur fylgdu Hálshreppi hinum forna til ársins 1907, en þá mynduðu þessi tvö byggðarlög Flateyjarhrepp. Nú er byggð eydd á Flateyjar dal. Mjög mismargt fólk hefur búið í Flatey á ýmsum tímum. Árið 1960 voru 90 manns heimilisfastir í eyinni, en 1963, þegar bók þessi er prentuð, aðeins 57 manns. Búnaðarfélag var stofnað í Flateyjarhreppi árið 1907. Árið 1910 var komið upp girðingu milli ræktaðs lands og úthaga í eyinni. 1919 var Fisksamlag Flateyinga stofnað. Skólahús var reist í eyinni 1928—29. Útibú frá Kaupfélagi Þingeyinga var reist þar 1930. 8 byggð býli eru nú í eyinni. Ræktað land er 45 ha, taða 550 h. Bústofn: 10 nautgripir, 131 kind.

Útgerð: Í eigu Flateyinga eru nú 2 þilfarsbátar 6—10 smálestir, 1 opinn vélbátur (trilla) 2½ smálest, 5 árabátar og tveir smábátar. Útfluttar sjávarfurðir um 100 smálestir saltfiskur og 600 tonnur grásleppuhrogn fyrir um 2 milljónir króna.